

## Meðal efnis:

Hefur ríkisstjórninni tekist að standa vörð um velferðina ?.....	3
Spurt og svarað um astma.....	4
Ófrísk og með astma.....	6
Börn með astma.....	8
Á að hrófla við astmameðferð?.....	10
Frumtök.....	11
Lýsi, Omega 3 og fiskur, tengsl við heilsu, ofnæmi og astma ?.....	12
Astmi og líkamsrækt - sund er svarið.....	16
Betri stjórn astma með hjálp lyfjafræðings.....	18
Happdrætti SÍBS í sextíu ár.....	20
Umhverfisþættir og astma -.....	21
Áhrif tóbaksreyks og fleiri þátta á heilsu.....	21

**Astma- og ofnæmisfélagið þakkar Lyfjaval veittan stuðning við útgáfu þessa blaðs.**



# Hefur ríkisstjórninni tekist að standa vörð um velferðina ?

Erfiðustu fylgifyfar hruns íslensks efnahagslífs eru atvinnuleysi og sársaukafullur sparnaður í heilbrigðiskerfinu sem kemur fyrst og fremst niður á þeim sem minnst meiga sín, sjúkum, öldruðum og öryrkjum. Það er hinsvegar bitur staðreynd sem við verðum að horfast í augu við að það verður að spara í heilbrigðisþjónustunni, hjá því verður ekki komist. Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða hvernig þessi sparnaður mun koma niður á okkur astma og ofnæmissjúklingum. Það vitum við ekki ennþá en eitt er víst að verð á lyfjunum okkar mun hækka. Líklegast eru um 70.000 íslendingar með astma og eða ofnæmi. Rúm 20.000 manns eru með astma. Fá



úræði eru við þessum sjúkdómum nema lyfjagjöf og margir astmasjúklingar þurfa að taka lyf að staðaldri, margir daglega. Á liðnu ári eyddum við 1.6 milljarði í astma og ofnæmislyf, spurningin er hvort hægt sé að lækka þessa fjárhæð? Nei, varla neitt að ráði nú á næstu mánuðum nema að auka greiðsluþátttöku sjúklinga en til aðeins lengri tíma, já.

Að draga úr greiðsluþátttöku nýrri lyfja og beina notkuninni að einfaldari lyfjum, lyfjum sem við notuðum fyrir svona 10 árum er skammgóð lausn og hefur lítinn sem engan sparnað í för með. Þegar fjölnota eða samsettu lyfin komu á markað fyrir svona 10 árum, Seretide og Symbicort hafði það í för með sér mikla bót fyrir astmasjúklinga. Fæst okkar gætu hugsað sér að vera án þessara lyfja í dag. Hækkaði verð á þessum lyfjum er öruggt að tekjuminnna fólk myndi ekki kaupa þau en þeir efnameiri héldu því áfram. við værum þá komin með tvöfalt heilbrigðiskerfi. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí segir að það eigi að endurskoða heilbrigðisþjónustuna, draga úr kostnaði og nýta fé skynsamlega. Síðar segir „Í endurskoðuninni er nauðsynlegt að leiða saman heilbrigðisstarfsmenn, sjúklingasamtök og sérfræðinga til að skipuleggja og ná sátt um örugga heilbrigðisþjónustu um allt land“ Þetta hefur því miður ekki gengið eftir, alla vega hefur ráðuneytið ekki haft frumkvæði að neinni samvinnu við Astma og ofnæmisfélagið eða SÍBS.

Hefur ríkisstjórninni tekist að standa vörð um velferðina? Já, hingað til, að mestu leyti. Hinsvegar eru blikur á lofti í þeim efnunum því allt bendir til þess að ríkisstjórnin geti alls ekki staðið við þetta fagra loforð á næstu mánuðum. Það eina sem ríkisstjórnin getur til að standa vörð um velferðina er að fara eftir sínum eigin stjórnarsáttmála, þ.e.a.s. að „í endurskoðun heilbrigðiskerfisins er nauðsynlegt að leiða saman heilbrigðisstarfsmenn, sjúklingasamtök og sérfræðinga til að skipuleggja og ná sátt um örugga heilbrigðisþjónustu um allt land“

Sigmar B. Hauksson  
formaður Astma- og ofnæmisfélagsins

Útgefandi: Astma- og ofnæmisfélagið. Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími 560 4814, ao@ao.is, www.ao.is.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigmar B. Hauksson.

Hönnun og umsjón framleiðslu: Sökkólfur ehf. www.dot.is • Prentun: PH prent ehf.